Reykjavík, 11. október 2018

Umsögn við greinargerð starfshóps um veiðistjórnun á hrognkelsum.

Starfshópurinn fékk það hlutverk að fara yfir veiðistjórnun á hrognkelsaveiðum og gera rökstudda tillögu um breytingar **ef hópurinn sæi ástæðu til**. Ekki er hægt að sjá að starfshópurinn geri rökstudda tillögu að breytingum, heldur bendir hann á verði ákveðið að breyta veiðistjórn á grásleppu á þann hátt að veiðunum verði stjórnað á grundvelli úthlutaðs aflamarks þurfi viðmiðunartíminn að vera rúmur.

Helsti ókosturinn við núverandi veiðistjórnun á grásleppu er að mínu mati sá að ekki er ljóst í upphafi vertíðar hver fjöldi veiðidaga verður á vertíðinni. Breyta þarf því fyrirkomulagi að bíða þurfi eftir ráðgjöf Hafró sem er ekki birt fyrr en í byrjun apríl. Einnig þarf að bæta úr hvernig dagafjöldi er ákveðinn, sérstaklega í ljósi hringlandaháttar á síðastliðnum tveim vertíðum.

Síðastliðið vor ákvað ráðuneytið að dagafjöldi vertíðarinnar yrði 32. Áður var grásleppunefnd LS búin að leggja til við ráðuneytið að dagafjöldinn yrði 40 dagar, sem síðan yrðu endurmetnir á 35. degi vertíðarinnar með það að markmiði að ná ráðgjöf sem hljóðaði upp á um 5.500 tonn. LS óskaði eftir fundi með ráðuneytinu og lagði þar fram útreikninga og gögn sem sýndu að það þyrfti um 49 daga vertíð til að ná ráðgjöfinni. Niðurstaðan á þeim fundi var að sættast á að vertíðin yrði 44 dagar. Aflinn endaði í um 4.500 tonnum, sem er um 18% undir ráðgjöf.

Starfshópurinn kemst að niðurstöðu um að helsti ókostur við núverandi veiðistjórnun að hún sé ómarkviss. Sé það reyndin, er að mínu mati hægt að leysa það með því að færa ákvörðunartöku um dagafjölda frá ráðuneyti til Hafró og LS. Þá mætti jafnvel heimila flutning á allt að 30% af ráðgjöf milli ára eins og heimilt hefur verið í öðrum tegundum (með jákvæðri umsögn frá Hafró þar um).

Á síðastliðnum 6 vertíðum hefur að meðaltali vantað um 10% upp á ráðgjöf Hafró.

Aðrir ókostir sem starfshópurinn nefnir eru meðal annars að aðilar séu bundnir ákveðnum dögum sem geti skapað hættu og ekkert tillit er tekið til bilana, veikinda eða annarra tafa. Þessi atriði er hægt að leysa á auðveldan hátt í núverandi fyrirkomulagi með því að veita heimild til að gera hlé á veiðum t.d. þrisvar yfir vertíðina. LS óskaði eftir að þetta yrði heimilað fyrir síðustu vertíð, en það fékkst ekki í gegn og ekki komu haldbær rök frá ráðuneytinu við ósk LS. Einungis var vísað í neikvæða umsögn Hafró, sem við skoðun var á engan hátt á þá leið, heldur var einungis bent á að afli mundi líklega aukast yrði þessi breyting gerð.

Varðandi tilvitnun í Hafró um að „óvíst sé að vottunaraðilar telji núverandi veiðistjórn ábyrga" er rétt að benda á að þegar MSC vottaði grásleppuveiðarnar voru engir fyrirvarar gerðir við núverandi veiðistjórn.

Vísað er í að Hafró telji að núverandi ráðgjöf byggi á traustum grunni. En Hafró segir að vegna óvissu í mælingunum sé tekið tillit til vísitölu fyrra árs (30% vægi) á móti nýrri mælingu (70% vægi) við útreikning ráðlagðs hámarksafla.


Áhugavert er að skoða á hverju ráðgjöf Hafró byggir.

Í vorralli Hafró, þar sem togað er með botntrolli á 600 togstöðvum, veiddust í ár 985 grásleppur (um 3 tonn) sem ráðgjöf upp á um 5.500 tonn byggir á. Benda má á að grásleppan er stærsta hluta æviskeiðs síns í efri lögum sjávar.
Meðfylgjandi tafla sýnir stykkjafjölda grásleppu í rallinu frá 1991 til 2018.

ár	stykki í ralli	Veiði, þús.tonn
2018	985	4487
2017	1074	4565
2016	1639	5475
2015	1205	6357
2014	1024	4034
2013	621	4546
2012	1027	6076
2011	604	4220
2010	956	7353
2009	1024	4457
2008	1097	4451
2007	1272	2897
2006	1693	3531
2005	1143	3273
2004	1493	5067
2003	1082	5459
2002	1788	4424
2001	708	2870
2000	565	2159
1999	1002	2959
1998	723	2778
1997	1101	5712
1996	687	4455
1995	958	4810
1994	1033	4982
1993	1105	3804
1992	1272	5553
1991	638	4230

Eins og sjá má er ekki mikið samhengi á magni í ralli og veiði áður en grásleppa fer í ráðgjöf 2012. Sérstaklega er áberandi árið 2010, en þarna er ég bara að bera saman veiði miðað við stykkjafjölda í ralli, en ég set ekki fram fjölda veiðidaga (netadaga) í samhengi við rallið sem að öllum líkindum myndi gefa réttari mynd af samhenginu.

Á línuritinu hér að neðan má sjá þennan samanburð.
Lóðrétta línan er við 2012, þegar grásleppan fer í ráðgjöf.



Það er mat starfshópsins að ná megi markvissari veiðistjórnun verði veiðum stjórnað á grundvelli aflahlutdeildar. Starfshópurinn virðist gefa sér að allir þeir sem fái hlutdeild og fari ekki á veiðar leigi frá sér sína hlutdeild og hinir sem leigi heimildirnar hafi afkomu af veiðunum sem sem standi undir leigu á heimildum . En ef farið verður að tillögum starfshópsins verða um 110 aðilar með 1kg til 10 tonna úthlutun og hafa þess vegna litlar forsendur til að hefja veiðar og 260 aðilar verða með 10-57 tonna úthlutun miðað við um 5.000 tonna ráðgjöf. 80 aðilar sem eiga grásleppuleyfi fá enga úthlutun.

Ekki er bent á hvernig á að úthluta hlutdeild áður en ráðgjöf Hafró liggur fyrir. En ljóst er að ef áfram á að byggja á niðurstöðu úr vorralli, verður sama óvissa í upphafi vertíðar hjá þeim sem byrja veiðar í mars.

Sú skoðun starfshópsins að halda ætti **sem mest** í núverandi fyrirkomulag veiðanna að því leiti að þeim sé dreift um landið og séu alfarið stundaðar af smábátum, er opið orðalag fyrir ýmiss konar útfærslum til breytinga eins og kemur fram síðar í greinargerðinni. En þar er niðurstaðan að ekki sé ástæða til að halda svæðaskiptingu og að stærðarmörkin verði færð upp í 30 tonn. Þetta tel ég vera illa ígrundað og ekkert rökstutt. En starfshópurinn bendir á að vegna þess að ekki sé algengt að útgerðir flytji sig milli svæða í núverandi kerfi, séu ekki rök fyrir áframhaldandi svæðis skiptingu. Þetta stenst ekki samanburð, að vera annars vegar með dagakerfi þar sem hver velur sér svæði fyrir vertíðina og hins vegar kvótakerfi sem á að vera opið milli allra svæða alla vertíðina. Og bendir hópurinn á að vegna þess að ekki sé mikið um tilfærslu útgerða milli svæða í dagakerfi, þá standi ekki rök til þess að viðhalda svæðisskiptingu í kvótakerfi meðan á vertíðinni stendur.

Varðandi þau sjónarmið sem fram komu í hópnum um að samræma hámarksstærð báta sem geta fengið leyfi til grásleppuveiða við hámarksstærð í krókaaflamarki vil ég benda á að sú þróun sem átt hefur sér stað í fækkun báta í krókaaflamarki um fjórðung á nokkrum árum ætti að vera víti til varnaðar þeim stærðarmörkum sem nú eru.

Starfshópurinn bendir á að fiskveiðistjórnunarkerfið byggi á veiðiskyldu og því að aðilar stundi þær veiðar sem þeir hafi fengið lögbundnar heimildir til.
Það hefur verið innbyggt í núverandi kerfi ákveðið jafnvægi sem fellst meðal annars í að þegar að verð fyrir grásleppu er lágt, þá dregur hluti aðila sig frá veiðunum. Grásleppuhrogn er ekki hægt er að setja í samhengi við flestar aðrar fiskafurðir á heimsmarkaði. Kaupendur eru fáir og verð á hrognum er mjög háð framboði og eftirspurn, en heildar markaður í tunnum talið hefur minnkað úr 32-34 þúsund tunnur niður í um 20 þúsund tunnur á ári á tiltölulega fáum árum. Þó má benda á að markaður fyrir búkinn virðist fara stækkandi.

Varðandi vinnu þessa starfshóps er það mín skoðun að óheppilegt hafi verið að formaður hópsins sé nátengdur aðilum í útgerð grásleppubáta sem virðast hafa haft upplýsingar um hvað fram fór í vinnu starfshópsins og að öllum líkindum bein áhrif á tillögur hópsins. Eins lýsi ég furðu minni á því að formaður hópsins komi með þau skilaboð inn í hópinn frá ráðherra að hans vilji standi til að kvótasetja grásleppu.

Flesta galla við núverandi kerfi er auðvelt að laga sé vilji til þess og það fellst í eftirfarandi:

> Heimilt verði að gera hlé á veiðum meðan á vertíð stendur án þess að dagar telji.
>
> Veiðitímabil allra svæða yrði frá 1. febrúar ti 31 ágúst, nema í innanverðum Breiðafirði.
>
> Í stað þess að bíða eftir ráðgjöf Hafró, væri hægt að fara í svipaða veiðistýringu og í Grænlandi og notast við meðaltal ráðgjafar síðastliðinna 3 ára og nota síðan niðurstöðu úr vorralli til aukningar eða frádrattar á meðaltali fyrir vertíðina á eftir. Þessa aðferð eða sambærilega, væri einnig hægt að nota ef til kvótasetningar kemur.
>
> Leyft verði að sameina leyfi til að auka dagafjölda og þá gildi seinna leyfið 50% í dagamagni. En þetta hefur verið bæði samþykkt og hafnað á aðalfundum LS.
>
> Einnig væri hægt að leyfa fjölgun neta í stað fjölgun daga við sameiningu leyfa.

Ef tekið sé mið af yfirlýsingum stjórnmálamanna í núverandi stjórnarsamstarfi, er ljóst að breyting á lögum um stjórn fiskveiða til að kvótasetja grásleppu með hefðbundnum hætti með framsali og öllu því sem þar fylgir mun að öllum líkindum ekki ná fram að ganga.

Það er mín skoðun að hægt væri að koma með nýja nálgun á kvótasetningu, þar sem framsal yrði ekki heimilt og öllum grásleppuleyfum tryggð lágmarks hlutdeild af úthlutuninni og síðan bættist veiðireynsla þar ofan á. Eingöngu yrði úthlutað á báta sem tilkynna sig á veiðar fyrir tiltekinn tíma og óframseljanleg hlutdeild síðan úthlutað á þá báta. Framsal leyfa yrði líka óheimilt og ríkissjóður mundi innleysa til sín leyfi frá þeim sem vilja hætta útgerð á verði sem væri það sama og er búið að vera síðustu misseri. Sú hlutdeild sem fylgdi innleystum leyfum kæmi til aukningar á hlutdeild endurseldra leyfa. Sameining leyfa upp að vissu marki heimiluð í gegnum Fiskistofu sem hefði með innlausn og sölu leyfa að gera. Sú hlutdeild sem ekki nýtist hjá aðilum sem hófu veiðar eða ekki, færðist yfir á heildarúthlutun næsta árs en 20-30% af ónotuðum heimildum þeirra sem hófu veiðar gætu færst á milli ára á sama bát.

Axel Helgason
Sunna Rós SH-123